

Einstæðingurinn Kjarval

Það var honum afar erfitt. Tveimur árum seinna fór Karítas á elliheimili í Hafnarfirði sem honum var líka raun að.

Í desember árið 1925 fór Jóhannes til Danmerkur og hitti Tove og börnin. Heim kominn skrifar hann henni og þakkar góðar móttökur, en heimsóknin hefur haft djúp áhrif á hann því hann segir í bréfinu að sig hafi dreymt Aase grátandi.

Jóhannes og Tove skildu árið 1926 samkvæmt bréfi frá danska Landsarkívinu sem varðveitt er á Kjarvalsstöðum. Tveimur árum seinna segir Guðrún að Jóhannes hafi komið til Danmerkur til að hitta Tove. Hann bauð börnunum á veitingahús, og þau Tove áttu löng og mikil samtöl á hótelinu Kronprins Frederik þar sem Jóhannes bjó.

„Síðustu nóttina töluðu þau saman alveg til morguns,“ segir Guðrún, „og tengdamamma sagði að ef þau hefðu haft hníf hefðu þau getað skorið loftið, svo þykkt var það á milli þeirra. Þau sátu í djúpum stólum og töluðu, en hvorugt gat staðið upp til þess að ganga á móti hinu. Að lokum dagaði og Jóhannes fór. Sveinn mundi eftir því eins og hræðilegu skýi sem kom yfir þau þegar pabbi var farinn. Það er í rauninni sá skilnaður sem hann man eftir því hann var svo ungur þegar hann fór frá Íslandi.“

Jóhannes yngri bætir við þessa frásögn að afi hans hafi verið á leið til Parísar þegar þessir fundir áttu sér stað í Kaupmannahöfn árið 1928. Hann hafi þá átt von um að fá inni fyrir sig og fjölskyldu sína í Listvinahúsinu á Skólavörðuholti og ætlað að telja Tove á að flytja aftur til Íslands. Það tókst ekki, og ekki fékk Jóhannes heldur inni í Listvinahúsinu; þá íbúð fékk Guðmundur frá Miðdal.

Af bréfum milli Tove og Jóhannesar á næstu árum eftir skilnaðinn má sjá að sambandið er fjarri því að vera orðið kalt, undir stilltum orðaskiptum kraumar hiti sem stundum brýst út í sárindum. Árið 1932 er Tove svo þreytt á áhugaleysi Jóhannesar á börnunum tveimur og velferð þeirra að hún vill helst slíta öllu sambandi við hann: „Tillaga mín er,“ skrifar hún, „úr því að skilnaður hefur ekki skilið okkur almennilega að (eða kannski er það bara ég sem hef ekki skilið nóg), að við látum eins og við séum dauð hvort fyrir öðru. Ég læt eins og ég sé ekkja – guð, hvað ég skal rækta minninguna um þig með rósum og gleymmereium – og þú getur látið sem þú sért ekkill (eða látið eins og ekkert sé ...)“52

Tove var mikill mannvinnur, og þó að hún hafi að sögn Guðrúnar aldrei verið pólitísk vann hún fyrir samtökin Den Røde Hjælp í Danmörku fyrir stríð og á stríðsárunum. Á fjórða áratugnum kynntist hún í gegnum þau samtök ungum Þjóðverja sem var á flotta undan nasistum. Hann var töluvert yngri en hún en hún giftist honum til málamynda til að hann fengi landvist-arleyfi og þau bjuggu saman um skeið. Jóhannes varð hugstola þegar hann frétti að Tove hefði gift sig aftur þó að þau væru þá löngu skilin. Sigríður dóttir Guðbrands Magnússonar og Matthíldar Kjartansdóttur segir frá viðbrögðum hans eins og þau komu fjölskyldu hennar fyrir sjónir:

Það var einn dag, eldsnemma, að móðir mín heyrði gengið upp stigann að svefnherbergi þeirra sem var á annarri hæð í húsinu. Það var ákaflega þunglamelegt fótatak sem hún heyrði og hún fer fram á stiga-pallinn til að gá hver þarna sé á ferðinni. Þá sér hún Kjarval og hann er með málverk í hendinni. Hann fer aldrei alla leið upp stigann en réttir henni myndina og segir: „Ég vil að þessi mynd sé geymd hjá ykkur.“ Hann var svo þungur á svipinn að mamma kipptist við, en þegar hann er kominn hálfra leið niður stigann aftur þá kallar hún til hans: „Hvað heitir þessi mynd?“ „Ástamál Grettis,“ segir hann þunglega. Mamma og pabbi settu þessa mynd aldrei upp á vegg, bæði af því að þau vildu ekki að Kjarval sæi hana þar og af því að þeim fannst þau aldrei eiga hana. Þetta var svo persónuleg mynd. Mamma vissi ekki þennan morgun hvað olli þessum geðbrigðum Kjarvals en seinna komst hún að því að daginn áður hafði hann frétt að Tove hefði gift sig. Myndina hafði hann málað um nóttina og hún var blaut þegar hann kom með hana. Hann hafði reynt að mála frá sér sorgina.

Myndin er í gráum - eða blágráum - litum og hún er af konu sem mun vera Tove þó að þetta sé ekki eins falleg kona og Tove var. Svo sést aðeins í karlmann líka á bak við hana.

Sveinn Kjarval var að sögn heldur ekki ánægður með hjónaband móður sinnar og þegar hann var nítján ára kom hann til Íslands til að setjast að hjá pabba sínum. Jóhannes tók fagnandi á móti honum niðri á höfn með stærðar málverk sem hann færði syni sínum að gjöf og sem börn Sveins ólust svo upp við. Á málverkinu er draumahús Jóhannesar, fantasía hans um fjölskylduhús hans og Tove og barnanna sem aldrei varð að veruleika. Myndin, sem Kjarvalsstaðir eiga núna, sýnir fjóra regnboga og inn í þá koma bogahús. Myndin er í



Kjarval Portrett Ólafs Magnússonar af Kjarval. Samkvæmt bókum ljósmyndarans var myndin send til Kjarvals í Kaupmannahöfn með Botníu 14. febrúar 1915.

Þessi mynd sýnir Jóhannes í samvænningu síni, eftir vinnu hans í Danmörku.

dröppum og rauðum litum, mjög sérstök meðal málverka Jóhannesar, að sögn Kolbrúnar, dóttur Sveins.

En þó að Jóhannes tæki svona glaður á móti syni sínum hafði hann, sem fyrr, litla hugmynd um hvað hann ætti að gera næst. Guðrún telur að hann hafi verið óánægður með að Sveinn skyldi ekki hafa tekið stúdentspróf, en Sveinn var stoltur af sínu fagi, hafði lært húsgagnasmíði á besta verkstæðinu í Kaupmannahöfn. Hann fékk verðlaun fyrir sveinsstykkjó sitt og meistarinn hans var óánægður með að hann skyldi ekki halda áfram í greininni. Raunar tók hann þann þráð upp þráðlega aftur og varð mikilvirkur og vinsæll húsgagnahönnuður. En Jóhannes átti það til, að sögn Guðrúnar, að hætta að borða á matsölustöðum eftir að Sveinn hafði innréttað þá. María Kjarval heldur að af-brýðisemi hafi átt sinn þátt í því hvað samband feðganna var stírt og östöðugt. „Afa fannst að amma hefði farið frá honum – yfirgefið hann – en strákurinn fékk að vera hjá konunni sem afi elskaði.“

Fyrst eftir komuna til Íslands svaf Sveinn á malarastofu föður síns í Austurstræti 12 en Jóhannes gat ekki búið þar um leið og strákurinn heldur flýði út á Hótel Skjaldbreið þar sem hann bjó í marga mánuði. Sveinn fékk að lokum íbúð í Tjarnargötu 10 og vinnu á húsgagnaverkstæði. En meðan hann var atvinnulaus og bjó á vinnustofunni gleymdi Jóhannes stundum að drengurinn þurfti að borða.

„Einu sinni kom Sveinn í heimsókn til mín og ég sá á honum að hann var glorhungraður,“ segir Guðrún. „,,Hefurðu ekki fengið neitt að borða?“ spurði ég. „Nei, ég hef eiginlega ekkert borðað síðustu viku,“ svaraði hann þá. Þetta var fyrst og fremst hugsunarleysi í Jóhannesi en líka feimni. Hann var feiminn við sinn eigin son. Hann hafði klippt á það að vera persóna öðru-vísi en málari. Hann gekk inn í hlutverk sitt sem listmálari og hann var að vinna fyrir landið. Það sagði hann oft við tengdamömmu: að hann væri að vinna Íslandi. Og þegar maðurinn minn kom hingað til Íslands hafði hann eiginlega sömu skoðanir; hann ætlaði að búa til íslensk húsgögn fyrir Íslendinga. Þetta eru hættulegar hugsjónir því ef fórn manns er vanþökkuð þá á maður ekkert eftir.

En Jóhannes var ekki alltaf viðskotailur og hugsunarlaus. Stundum var hann blíður við



Svein og kallaði hann Dengsa. Einu sinni fóru þeir saman í bíl upp í Kjós og að dálitlum fossi þar sem Jóhannes var vanur að baða sig og gera Muellers-æfingar. Hann heimtaði að Sveinn gerði það sama og það var í eina skiptið sem ég vissi til að hann reyndi að ala son sinn upp!

Við Sveinn giftum okkur 2. nóvember 1940 heima hjá foreldrum mínum,“ heldur Guðrún áfram. „Mér er minnistætt að þegar Jóhannes kom í brúðkaupsveisluna okkar hafði hann ekki fundið ermahnappana sína. Þá hafði hann basl- að við að taka rauðar slaufur utan af vindlum og notaði þær í stað ermahnappa. Svo var hann í gefjumarsokkum og lakkskóm. En hann var ósköp kátur allt kvöldið.“

Allar sögur fjölskyldumeðlima sýna hvað Jóhannesi var ósýnt um að vera pabbi og afi. Þó þráði hann innilega, öðrum þræði, að ná góðu sambandi við sína nánustu. Lýsandi dæmi um þetta er eftirfarandi saga Guðrúnar:

„Fyrstu jólin okkar var Sveinn harðákveðinn í því að hann ætlaði að bjóða pabba sínum í jólamat. Ég var þá að vinna fulla vinnu í Harald-arbúð og fyrir jól vakti maður fram á nætur kvöld eftir kvöld, það var svo mikið að gera. Ég samþykkti það engu að síður.

Ég hef aldrei verið eins nervus að búa til mat og þennan aðfangadag, en ég kláraði það. Þegar maturinn var tilbúinn svona um hálfsjó var gesturinn enn ókominn og ég settist í stól en Sveinn stóð við gluggann – og ég steinsofna. Klukkan hálfleflu um kvöldið vakna ég við mikinn hávaða úti fyrir, þá voru öll systkini mín að koma og Sveinn stóð enn við gluggann og horfði út í snjókomuna. Jóhannes hafði ekki komið, og Sveinn var stífur af vonbrigðum. Systkini mín vildu að við kæmum heim með þeim, en það gerðum við ekki, við fórum bara að sofa.

Um morguninn hafði snjóað mikið, og þegar við komum út sáum við að það hafði verið gengið hringinn í kringum húsið að minnsta kosti tvisvar-þrisvar sinnum. Og á tröppunum lágu gjafirnar sem Jóhannes hafði fengið, hvar sem hann hefur verið um kvöldið, vindlar og þess háttar.

Svona var þetta yfirleitt þegar Sveinn reyndi að ná sambandi við pabba sinn. Einn Þorláks-messudag höfðum við til dæmis verið heilengi að finna vinklakassa handa Jóhannesi og fund-

um einn sem var sérstaklega góður. En þegar Sveinn kom í Austurstræti 12 á aðfangadag til að færa honum gjöfina, þá rétti Jóhannes næsta manni pakkann, einhverjum gesti sínum, án þess að opna hann, og gaf honum hann. Sveinn var svo ungur að hann tók þetta nærri sér, hann langaði svo til að gleðja pabba sinn.“

Oft segist Guðrún hafa reiðst Jóhannesi þegar stríðni hans gekk út yfir Svein. „Einu sinni kom ég til hans vegna þess að Sveinn lá í lungnabólgu og mér leið illa yfir því að Jóhannes skyldi ekki vita af því. Ég vissi það ekki þá en fékk að vita nokkrum dögum seinna að Jóhannes hafði nýlega verið hjá tannlækni sem hafði dregið úr honum jaxla. Þá fékk ég samhengið í söguna. En þegar ég kom fann ég bara að hann var ekki í góðu skapi og reyndi að blíðka hann með því að segja: „Mikið er terpentínulyktin góð hjá þér!“ Þá sagði hann: „Farðu heim til barnanna þinna og mannsins þíns.“ Svo tók hann vínflošku, hellti svolitilli lögg af terpentínu í botninn og sagði: „Þú getur farið með þetta og lyktað af því!“ Hann fann hvað ég reiddist og varð þá um leið alveg eins og barn og spurði: „Viltu ekki taka bíl?“ „Nei,“ sagði ég og fór. En mér fannst gott að fá þessa skýringu eftir á.

Jóhannes átti afar ágæt með að taka á móti kærleika fjölskyldunnar. Ef maður reyndi að taka í höndina á honum og vera mannlegur við hann fraus hann bara. „Knudemand!“ Hnúta-maður, það var hann,“ bætir Guðrún við. Sjálfur líkti Jóhannes tilfinningum sínum við kal í túni í samtali við Matthías Johannessen og bætti við seinna: „En veistu hvað er kal í tún-um? [...] Það er söknuður yfir andrúmslofti, sem komst ekki ofan í svörðinn vegna þess að það var svell of lengi yfir grasróttinni ...“53

„Öll samskipti pabba og afa byggðust á trega afa eftir normal lífi eins og ég komst að löngu seinna,“ segir Jóhannes yngri, „og trega pabba yfir að eiga ekki venjulegan föður, stóð í lífinu. Hann ólst upp með systur sinni hjá ömmu í basli í Kaupmannahöfn með þessa tálsýn um föður. Það voru alltaf væntingar um eitthvað sem aldrei varð. Við höfum fengið miklar tilfinningar í arf frá þessu fólki, ömmu og afa og pabba.“

Jóhannes var aldrei við kvenmann kenndur eftir að Tove fór svo Guðrún viti til, og Ólafur Mariússon fullyrðir að hann hafi verið hræddur við konur. Guðrún man þó eftir enskri að-alskonu, Joan Halford, sem varð gríðarlega hrifin af honum og vildi kaupa hann og flytja hann í kastalann sinn í Englandi! Og Stella María Jónsdóttir sem lengi vann í Ingólfs-apóteki segir stolt frá því að hann hafi beðið sín. Hún vann þá í skóbúðinni á neðstu hæðinni í Austurstræti 12, kornung stúlka, og var fús til að sendast fyrir hann ef hann vantaði mat eða annað smáræði. Þá sagði hann einhvern tíma: „Hvenær eigum við að gifta okkur, Stella?“ En fjarri fór því að þau væru nokkurn tíma þar. Stelli Maríu þótti alla tíð vænt um hann og var hugfangin af myndnum hans. En var hann álitlegt mannsefni?

„Þegar Kjarval var búinn að búa sig upp þá fannst mér hann vera aristókrat,“ segir hún. En hann var nærri fjörotúti árum eldri en hún.

Jóhannes heimsótti íðulega skókuheimili Karls Eiríkssonar frænda síns og fyrrverandi forstjóra og eigaanda Bræðranna Örnsson, einkum í hádeginu, og eftir að Karl stofnaði heimili sjálfur gat hann nokkrum sinnum talið Jóhannes á að koma með sér heim í hádeg-ismat:

Í síðasta skiptið sem það gerðist þá fórum við inn í stofu að spjalla saman fyrir matinn en allt í einu sagði hann: „Nei - þetta er ekki hægt. Þetta er ham-ingjamsamt heimili og ég hef aldrei kynnst hamingj- unni.“ Hann var ófánlegur til að setjast að borðum og fór út. Þetta var ekki löngu áður en hann veiktist og við sáumst aldrei framar. Mér fannst hann mikill einstæðingur.

Af bréfum sem fóru milli Jóhannesar og Tove, einkum í tilhugalfinu, sést þó að hamingj- una höfðu þau fundið saman. „Ég lifi upp aftur og aftur í huganum stundirnar sem ég átti með þér – og þá finnst mér að ég hafi raunverulega dvalið í Paradís,“ skrifar hann henni árið 1914. „Jóhannes var auðvitað glæsilegur maður,“ segir Guðrún, „en lifði einlífi áratugum saman eftir því sem ég best veit.“ Matthías Johann-essen skýrir það svo:

Auk þess hafði hann orðið ofnæmi fyrir líkamlegum ástum milli karls og konu, ég varð stundum var við það. Ástin var bundin minningunni um Tove. Hann hafði skilið við líkamann þegar leiðir þeirra skildi. Ástin var eterísk, minnti á huldufólkið. Ósýnileg nema í þessum árum dráttum þar sem hún birtist í mynd- unum hans. Ekki sem holdlegur munaður, heldur and- leg reynsla. Veröld blómálfa og huldufólks.

Jón Þorsteinsson segir í óprentaðri frásögn sem varðveitt er á Kjarvalsstöðum að Jóhannes hafi saknað Tove alla tíð og það hafi stórséð á honum þegar hann frétti lát hennar árið 1958, meira en þrjátíu árum eftir að þau skildu. Þegar Jóhannes hafði ennþá síðar lesið próförk að Kjarvalskveri Matthíasar Johannessen sagði hann aðeins eina setningu. „Heyrðu góði, þú ert eitthvað að minnast á hana Tove ...“